

Leyfi til innflutnings skraut- eða bréfdúfna

Matvælastofnun veitir leyfi til innflutnings dúfna og setur jafnframt innflutningsskilyrði og fer með eftirlit með innflutningi, skv. lögum nr. 54/1990 með áorðnum breytingum. Skilyrði eru 1) heimaeinangrun í útflutningslandi síðustu þrjár vikur fyrir innflutning; 2) heilbrigðis- og upprunavottorð sem samþykkt skal af Matvælastofnun fyrir innflutning og 3) a.m.k. fjögurra vikna einangrun eftir komuna til landsins.

Úttekt á einangrunaraðstöðu á Íslandi

Úttekt skal framkvæmd af eftirlitsdýralækni áður en dúfurnar koma til landsins. Einangrunaraðstaðan skal uppfylla eftirfarandi skilyrði og skal innflytjandi staðfesta að hann gerir sér grein fyrir umgengnisreglum m.t.t. smitvarna.

- Lágmarksstærðir búra eru í samræmi við í viðauka II við [reglugerð nr. 80/2016 um velferð gæludýra](#).
- Einangrunaraðstaða skal vera greinilega afmörkuð og þar skal ekki vera mikill óþarfa umgangur.
- Ekki má vera samgangur milli dúfna í sóttkví og annarra dýra.
- Þeir sem sinna dýrum í heimaeinangrun skulu gæta fyllsta hreinlætis við umönnun fuglanna og skulu m.a. þvo og sóttþreinsa hendur eftir alla meðhöndlun dúfna og úrgangs þeirra. Ef um er að ræða sérstakan dúfnakofa skal klæðast hlífðargalla og sérstökum skóm þegar gengið er inn í kofann. Aðstaða til handþvottar, sápa og sóttþreinsiefni skal vera til staðar, svo og hlífðargallar og skór ef við á.
- Saur og annan úrgang skal setja í tvo plastpoka áður en honum er fargað með öðru sorpi.

Sjúkdómar og afföll í einangrun

Komi upp veikindi eða slys hjá dúfu í heimaeinangrun skal tilkynna það til Matvælastofnunar svo fljótt sem auðið er sem tekur ákvörðun um til hvaða ráðstafana skal grípa. Innflytjandi skal veita Matvælastofnun aðgang að einangrunaraðstöðu í slíkum tilfellum. Ef grunur vaknar um smitsjúkdóm skal taka nauðsynleg sýni til greiningar. Í slíkum tilfellum gæti þurft að framlengja einangrun og/eða taka sýni til rannsókna.

Innflytjandi ber allan kostnað af slíkum ráðstöfunum.

Dagsetning úttektar: Málsnúmer í málaskrá MAST:.....

Með undirritun sinni staðfestir innflytjandi að hann sé upplýstur um og muni hlíta skilyrðum um einangrun, smitvarnir og umgengnisreglur.

.....
Undirskrift innflytjanda

.....
Undirskrift eftirlitsdýralæknis

Úr viðauka II við reglugerð nr. 80/2016

5.2 Bréfdúfur.

5.2.1 Rými fyrir fugla sem fljúga frjálst.

Lágmarksgólfloitur (m ²)	Lágmarksgólfloitur á fugl (m ²)	Lágmarksstærð styttri hliðar (m)	Lágmarkshæð (m)
4	0,1	1	1,8

5.2.2 Rými fyrir fugla sem ekki fljúga frjálst, lágmarksstærðir.

	Gólfloitur (m ²)	Gólfloitur á fugl (m ²)	Stærð lengstu hliðar (m)	Hæð (m)
Rými innanhús	4	-	3	1,8
Útisvæði	4	-	3	1,8
Heildarrými	10	0,3	3	1,8

Minnsta flugrými skal vera 3 m.

5.2.3 Stærð á hillu fyrir farandsbréfdúfur.

Lágmarksstærðir:

Gólfloitur (m ²)	Stærð styttri hliðar (m)	Hæð ofan hillu (m)
0,2	0,4	0,25